# Sorphirða á höfuðborgarsvæðinu: Samræming úrgangsflokkunar



Kynning fyrir stjórn
Jón Kjartan Ágústsson

6.12.2021

# Samræming úrgangsflokkunar

## Tímalína

- Mars 2020 – Sóknaráætlun samþykkt
- Júní 2020 – Ráðstefna í Hilton hótel um fýsileika samræmingar.
- okt 2020 – Verkefnahópur sveitarfélaga hóf störf og réði ráðgjafastofuna Resource til að vinna skýrslu um fýsileika samræmingar
- jan 2021 – Skýrsla kynnt á opnum netfundi SSH og stjórn vísar skýrslu til sveitarfélaga til meðferðar og ummfjöllunar
- Apr. 2021 – Afgreiðsla sveitarfélaga liggur fyrir. Stjórn SSH samþ. tillögur verkefnahóps:

**Næstu skref – tillögur starfshóps til stjórnar SSH**

1. Ráða verkefnastjóra til að stýra framkvæmd *samræmingar úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðin*u og innleiðingu á tillögu A1 sbr. minnisblað starfshóps. Hlutverk verkefnastjóra væri m.a.:
   a. Áætla kostnað við innleiðingu á samræmdu úrgangsflokkunarkerfi m.v. tillögu A1, þ.á.m. kostnað við innkaup á nýjum tunnum og möguleg áhrif á tækjakostnað Sorpu.
   b. Áætla rekstrarkostnað við tillögu A1 fyrir sveitarfélög og Sorpu.
   c. Móta tillögu að samræmdu kerfi grenndargáma vegna annarra úrgangsstrauma eins og gler, járn og textíl.
   d. Móta tillögu að innleiðingu samræmds úrgangsflokkunarkerfis.
   e. Móta tillögu um sameiginlega geymsluaðstöðu fyrir tunnur fyrir höfuðborgarsvæðið.
   f. Vinna drög að samstarfssamning milli sveitarfélaganna um samræmingu.
2. Framlengja starfstíma starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar. Hlutverk starfshóp væri að aðstoða verkefnastjóra við framkvæmd verkefnisins og tryggja góðar boðleiðir í sveitarfélögin. Óskað yrði eftir aðkomu Sorpu í starfshópinn til að aðstoða við verkefnið.

# Samræming úrgangsflokkunar

## Verkefnahópur

- Sigrún Haraldsdóttir ráðin sem sérstakur verkefnastjóri til að vinna í verkefninu, ásamt Valgeiri Björnssyni frá Sorpu.
- Jón Kjartan Ágústsson sat í hópnum fyrir hönd SSH.

| Sveitarfélag | Nafn | Deild |
|---|---|---|
| Hafnarfjörður | Ishmael David | Tæknifræðingur skrifstofa umhverfis og framkvæmda |
| Garðabær | Guðbjörg Brá Gísladóttir | Deildarstjóri umhverfis og framkvæmda |
| Kópavogur | Birkir Rútsson | Deildarstjóri gatnadeildar |
| Reykjavík | Guðmundur B. Friðriksson | Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða |
| Seltjarnarnes | Bjarni Torfi Álfþórsson | Bæjarfulltrúi og fulltrúi í stjórn Sorpu |
| Mosfellsbær | Tómas Guðberg Gíslason | Umhverfisstjóri |
| Kjós | Lárus Vilhjálmsson | Nefndarmaður í umhverfisnefnd |


Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

SORPA

SÓKNARÁÆTLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

**Sorphirða á höfuðborgarsvæðinu:**

**Tillögur starfshóps að samræmingu úrgangsflokkunar**

Útgáfa 1.4

Útgáfudagur: 06.12.2021

Höfundar skýrslu:

Valgeir Páll Björnsson Verkefnastjóri í Móttöku- og flokkunarstöð Sorpu

Sigrún Haraldsdóttir Verkefnastjóri framkvæmdastjórnar Sorpu

Stafshópur skipaður tæknimönnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og SSH

# Samantekt á tillögum

## Almenn sorphirða við heimili

Lagt er til að sorphirða við heimili skiptist í eftirfarandi strauma:

- Lífrænn eldhúsúrgangur
- Blandað heimilissorp
- Pappír / pappa
- Plast

## Sérbýli - ný ílát og eldri ílát

Lagt er til framtíðarfyrirkomulag íláta við sérbýli verði tvö tvískipt ílát fyrir áðurnefnda strauma. Ílátin verða með þili til að aðskilja úrgang í hlutfallinu 60 / 40.

Lagt er til að notast sé við sambærilega tvískipt ílát og eru Óðinsvé og að notast sé við viðurkennda ISO staðla við útboð.

**Ílát nr. 1 (240 L)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Blandað heimilissorp | 60% | Lífrænn eldhúsúrgangur | 40% |

**Ílát nr. 2 (240 L)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Pappír / pappi | 60% | Plast | 40% |

Lagt er til að sveitarfélög hagnýti áfram eldri ílát fyrir pappír og plast, í þeim tilfellum þar sem þesskonar ílát eru fyrir innan lóða. Vegna mismunandi fyrirkomulag milli sveitarfélaganna gæti verið um að ræða eldri grátt ílát, blátt ílát eða grænt ílát, sem yðri hagnýtt áfram m. nýjum límmiða.

Sérbýli með slíku fyrirkomulagi yrðu því með þrjú ílát innan lóðar:

1. Tvískipt ílát fyrir blandað heimilssorp og lífrænan eldhúsúrgang.
2. Eldra ílát fyrir pappír
3. Eldar ílát fyrir plast.

Lagt er til að eldri ílát verði hagnýtt áfram þar til þau skemmast vegna aldurs eða notkunar og verði þá skipt út fyrir tvískipt ílát.

Lagt er til að íbúar þurfi sérstaklega að óska eftir að vera með tvö tvískipt ílát, en annars verði skipti á ílátum sjálfvirk og án frekari athugasemda



# Samantekt á tillögum

## Fjölbýli

Lagt er til að fjöldi íláta við sérbýli verði svohljóðandi:

| Tegund úrgangs | 2 – 3 íbúðir | 4 - 6 íbúðir | 7 - 10 íbúðir | 11 - 15 íbúðir |
|---|---|---|---|---|
| **Blandað heimilissorp** | 1 stk. 240L | 1-2 stk. 240L | 1-2 stk. 660L | 2-3 stk. 660L |
| **Pappír og pappi** | 1 stk. 240L | 1-2 stk. 240L | 1-2 stk. 660L | 2-3 stk. 660L |
| **Plast** | 1 stk. 360L | 1-2 stk. 240L | 1-2 stk. 660L | 1-2 stk. 660L |
| **Lífrænn eldhúsúrg.** | 1 stk. 140L | 1 stk. 140L | 2 stk. 140L | 2-3 stk. 140L |



140 L 240 L 360 L 660 L

## Lífrænn eldhúsúrgangur

Lagt er til að lífrænum eldhúsúrgangi sé safnað í þar til gerða bréfpoka sem brotna auðveldlega niður og festast ekki í vélbúnaði móttökustöðva.

Lagt er til að sveitarfélög úthluti bréfpokum til íbúa til að tryggja söfnun á lífrænum eldhúsúrgangi og að úthlutun eigi sér stað við sorphirðu, eða að íbúar panti sér poka gegnum netið.




Dæmi um notkun bréfpoka frá Gautaborg

# Samantekt á tillögum

## Sorphirða við grenndarstöðvar

Lagt er til að sveitarfélögin komi á laggirnar neti af smærri og stærri grenndarstöðvum til að hirða úrgang sem skv. lögum þarf að hirða frá heimilum. Áhersla verði lögð á staðsetningar sem er þægilegar og öruggar fyrir gangandi vegfarendur og í alfaraleið fyrir aðra.

## Smærri grenndarstöðvar

Dreift með um 500 metra millibili. Þrjár af hverjum fjórum stöðvum ættu að falla undir þennan flokk til að safna eftirfarandi úrgangsstraumum:

- Gler
- Dósir / flöskur
- Málmar
- Textíll

## Stærri grenndarstöðvar

Dreift með um 501 - 1000 metra millibili. Ein af hverjum fjórum stöðvum ættu að falla undir þennan flokk til að safna eftirfarandi úrgangsstraumum:

- Pappír/pappa
- Plast
- Gler
- Dósir / flöskur
- Málmar
- Textíll






# Samantekt á tillögum

## Viljayfirlýsing um fyrirkomulag samstarfs og kynningarmála

Lagt er til að sveitarfélögin skrifi undir viljayfirlýsingu þess efnis að þau hyggist vinna sameiginlega að fyrirkomulagi sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu m.t.t. samræmingar úrgangsflokkunar og kynningarmála.

Lagt til að sveitarfélögin hefji viðræður við SORPU um umsjón kynningarmála: annars vegar vegna innleiðingu nýs samræmds kerfis og hins vegar til framtíðar til að sinna fræðslu um sorphirðu og úrgangsflokkun.

Lagt er til að sveitarfélögin framlengi starfstíma starfshóps tæknifólks til að samræma vinnubrögð og kynningarmál á nýju kerfi.

## Innleiðing á nýju kerfi í skrefum

Lagt er til að sveitarfélögin hefji innleiðingu í skrefum og hefji innleiðingu á svæðum þar sem fjölbýli er ríkjandi. Fyrst um sinn má gera ráð fyrir óvæntum uppákomum og vandamálum en lærdómur sem af því skapast mun nýtast við áframhaldandi innleiðingu.

Lagt er til að sveitarfélögin reyni eftir bestu getu að vera samstíga í innleiðingu til að auglýsingarherferð nýtist sem best.

Lagt er til að auglýsingar- og markaðsherferð hefjist að minnsta kosti mánuði fyrir innleiðingu á nýju kerfi.

## Innkaup á nýjum tunnum

Lagt er til að sveitarfélögin hefji undirbúning að útboði nýrra tunna hið fyrsta en gera má ráð fyrir það taki um 4 mánuði frá því útboð hefst þar til nýjar tunnur verði tilbúnar til afhendingar.

Mikilvægt er að sveitarfélög sammælist um notkun á sömu tunnum og lagt er til að SORPA aðstoði við samræmingu og gagnaöflun fyrir útboðsgögn sveitarfélaga.

# Samantekt á tillögum

## Málsmeðferð tillagna og tímalína innleiðingar

**Janúar – mars 2022**

- Skýrsla m. tillögum afhent stjórn SSH
- Afgreiðsla sveitarfélaga, umræður og kynningar
- Viljayfirlýsing um samvinnu undirrituð
- Val á fyrstu innleiðingarsvæðum í hverju sveitarfélagi
- Undirbúningur auglýsingarherferðar
- Útboðsvinna hefst

**Apríl – september 2022**

- Auglýsingarherferð hefst
- Samræming hefst í tilraunahverfum (fjölbýli)
- Uppsetning grenndargámar skv. tillögu hefst
- Útboð hefst og lýkur
- Nýjar tunnur berast og dreifing hefst

**Október 2022 – janúar 2023**

- Auglýsingarherferð stendur yfir
- Uppsetning grenndargámar langt á veg komið
- Ný lög um hringrásarhagkerfi taka gildi

# Málsmeðferð og tímalína

**Viljayfirlýsing um fyrirkomulag sorphirðu og kynningarmála**

Lagt er til að sveitarfélögin skrifi undir viljayfirlýsingu þess efnis að þau hyggist vinna sameiginlega að fyrirkomulagi sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er lagt til að sveitarfélögin hefji viðræður við SORPU um umsjón kynningarmála: annars vegar vegna innleiðingu nýs samræmds kerfis og hins vegar til framtíðar til að sinna fræðslu um sorphirðu og úrgangsflokkun.

**Innleiðing á nýju kerfi**

Lagt er til að sveitarfélögin hefji innleiðingu í skrefum og taki fyrir afmarkaðar hverfiseiningar í hverju skrefi. Lagt er til að strax vorið 2022 hafi öll sveitarfélög valið eitt tilraunahverfi innan sinna marka til að hefja innleiðingu og draga lærdóm. Lagt er til að tilraunahverfi sé einingar sem einkennist af fjölbýlishúsum vegna þess þau geta hagnýtt tunnur sem eru fyrir í notkun sem kallar einungis á breytingar á merkingum. Mikilvægt er að kynningarmál hefjist mánuði fyrir innleiðingu og að sveitarfélögin vinni saman til að deila reynslu og lærdómi.

**Innkaup á nýjum tunnum**

Lagt er til að sveitarfélögin hefji undirbúning að útboði nýrra tunna hið fyrsta en gera má ráð fyrir það taki um 8 mánuði frá því útboð hefst þar til nýjar tunnur séu komnar til íbúa. Mikilvægt er að sveitarfélög sammælist um notkun á sömu tunnum og lagt er til að SORPA aðstoði við samræmingu og gagnaöflun fyrir útboðsgögn sveitarfélaga.

Janúar – mars 2022
- Skýrsla afhent stjórn
- Afgreiðsla sveitarfélaga, umræður og kynningar
- Viljayfirlýsing um samvinnu
- Val á tilraunahverfum í hverju sveitarfélagi
- Undirbúningur auglýsingarherferðar
- Útboðsvinna hefst

Apríl – september 2022
- Auglýsingarherferð hefst
- Samræming hefst í tilraunahverfum (fjölbýli)
- Uppsetning grenndargámar skv. tillögu hefst
- Útboð hefst og lýkur

Október 2022 – janúar 2023
- Auglýsingarherferð stendur yfir
- Nýjar tunnur berast og dreifing hefst
- Uppsetning grenndargámar skv. tillögu lýkur

| | Sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu<br>Fyrir samræmingu | |
|---|---|---|
| | **Við heimili** | **Grenndarstöðvar** |
| **Rvk** | • Grá tunna (almennur úrgang)<br>• Blá tunna (pappír, val)<br>• Græn tunna (plast, val)<br>• Brún tunna (lífrænt, val). | • Pappír<br>• Plast<br>• Gler (vel flestum stöðum)<br>• Textíl (vel flestum stöðum)<br>• Flöskur / dósir (vel flestum stöðum)<br>• Málmar (Árbæ) |
| **Kóp** | • Grá tunna (almennur úrgang)<br>• Blá tunna (Plast, pappír, pappi) | • Plast<br>• Gler<br>• Textíl (vel flestum stöðum)<br>• Flöskur / dósir (vel flestum stöðum) |
| **Hfj** | • Grá tunna (almennur úrgangur + plast í sér poka + málmar + gler)<br>• Blá tunna (pappír + pappi) | • Pappír<br>• Plast<br>• Gler<br>• Textíl (vel flestum stöðum)<br>• Flöskur / dósir (vel flestum stöðum) |
| **Gbæ** | • Grá tunna (almennur úrgangur + plast í sér poka)<br>• Blá tunna (pappír + pappi) | • Pappír<br>• Plast |
| **Mos** | • Grá tunna (almennur úrgangur + plast í sér poka)<br>• Blá tunna (pappír + pappi) | • Plast<br>• Gler |
| **Seltj** | • Grá tunna (almennur úrgang)<br>• Blá tunna (pappír + pappi)<br>• Græn tunna (Plast + gler + málmar) | • Pappír<br>• Plast |
| **Kjós** | • Almennt rusl<br>• Pappír<br>• Plast | ? |

## Sorphirða á höfuðborgarsvæðinu

Eftir samræmingu

**Við heimili**

Sérbýli



eða



Fjölbýli



eða



**Grenndarstöðvar**

**Smærri stöðvar**
**(300 – 500m dreifing)**



**Stærri stöðvar**
**(501 – 1000 m dreifing)**



**Viðbætur í framtíð**










Tvískiptar tunnur í Odense








Fyrirkomulag sorpgeymslu í
Gautaborg



Bréfpokar fyrir lífrænan eldhúsúrgang í  sorpgeymslu í fjölbýli í Gautaborg



Bréfpokar fyrir lífrænan úrgang í móttökustöð úrgangs í Gautaborg